

## Skaftfell – Miðstöð myndlistar á Austurlandi Ársskýrsla framkvæmdastjóra 2008

Undirrituð var í barneignarleyfi frá byrjun árs og til 1. ágúst en fylgdist þó með starfseminni og var afleysinga framkvæmdastjóra, Þórunni Hjartardóttur, innan handar eftir þörfum. Hluti þessarar skýrslu er því unninn upp úr gögnum frá Þórunni Hjartardóttur.

### Verkefni ársins 2008:

-*Íslensk myndlist, 100 ár í hnotskurn*. Fræðsluverkefni skólaársins 2007-2008. Verkefni unnið með Listasafni Íslands þar sem sett var upp yfirlitssýning á Íslenskrri myndlist og unnið kennsluefni henni tengt. Öllum nemendum grunnskóla og framhaldsskóla á Austurlandi var boðið í Skaftfell og unnið með skólunum að því að gera verkefnið hluta af listgreinakennslu þeirra. Verkefnið tókst með ágætum og voru yfir 300 nemendur sem fengu notið sýningarinnar og þeirrar fræðslu sem boðið var uppá henni tengt. Vonir standa til að þetta verkefni hafi verið upphafið að farsælu samstarfi við skóla í fjórðungnum um þáttöku í skiplagðri listgreinakennslu þeirra.



-Seyðisfjarðarskóli tók fræðsluverkefnið skrefi lengra og héldu nokkrir bekkir áfram að vinna með eitt verkið, *Fýkur yfir hæðir (Móðurást)* eftir Ásgrím Jónsson. Útkoman varð svo að sýningu á teikningu nemendanna á Vesturveggnum.

-*Hardware/Software*. Listaháskóli Íslands, Dieter Roth Akadémían, Tæknimínjasafn Austurlands og Skaftfell stóðu sem endranær að verkefni þar sem útskriftarnemendur úr Listaháskóla Íslands ásamt erlendum gestanemendum koma í vinnubúðir á Seyðisfjörð sem enda með sýningu í Skaftfelli. Það voru átta nemendur þátttakendur í verkefninu og unnu þeir undir handleiðslu Björns Roth og Kristjánns Steingríms Jónssonar.



-*Ferðalag*, samstarfsverkefni Skaftfells, Sláturhússins-meningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs og Eiða-Listamiðstöðvar um þáttöku í Listahátíð í Reykjavík, sýningastjóri var Björn Roth. Skyr Lee Bob (Erna Ómarsdóttir, Guðni Gunnarsson og Lieven Dousiler), Christof Buchel og Pétur Kristjánsson sýndu undir merkjum Skaftfells, Lennart Alves og Hrafnkell Sigurðsson sýndu undir merkjum Eiða og Paul Harfleet, Matti Sarinen, Charles Ross og Sara Björnsdóttir sýndu undir merkjum Sláturhússins.



-*Hliðar*, sýning austfirðingsins Kristleifs Björnssonar af ljósmyndum af austfirðskum hliðum undir sýningarstjórn Guðmundar Odds Magnússonar.



-*Handan hugans*, sýning Bjargeyjar Ólafsdóttur, Kristínar Eiríksdóttur, Ingibjargar Magnadóttur og Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur. Sýningin tók stöðugum breytingum út sýningartímann og listamennirnir bættu í einn af öðrum.



-*Furðudýrafræðasafn hr. & fr. Rees*, sýning Sam og Marinu Rees á kynjaskepnum. Sýningin var afar vel sótt af nemendum Seyðisfjarðarskóla.



-*Transport*, sýning tíu nemenda Konunglegu Listaakademiunnar í Kaupmannahöfn, auk þriggja gestanemenda. Sýnendur eru flestir nemendur í deild Tuma Magnússonar við akademíuna. Þau dvöldust á Seyðisfirði í vikutíma við undirbúning sýningarinnar undir handleiðslu Tuma Magnússonar.



-*Seyðisfjarðarmyndir* Guðmundar Odds Magnússonar. Goddur hefur dvalist talsvert á Seyðisfirði undanfarin ár og safnað miklum heimildum í formi ljósmynda um það öfluga og frjóa menningarlíf sem þar á sér stað. Sýningin var afar vel sótt og vakti mikla lukku meðal heimamanna sem og lengra að komna.

-*Seyðisfjarðarmyndir* Hjálmars Níelssonar, seyðfirðsks malar, á Vesturveggnum í Bistróí Skaftfells á aðventunni.

-Vesturveggurinn 2008. Sýningarstjórar veggjarins í ár voru þau Ingólfur Arnarsson og Elísabet Indra Ragnarsdóttir. Sýnendur voru: Hilmar Bjarnason og Gunnhildur Una Jónsdóttir, Áslaug Í.K. Friðjónsdóttir og Nicholas Brittain, Ólöf Helga Helgadóttir og Kirakira, Birta Guðjónsdóttir og Berglind María Tómasdóttir og Darri Lorenzen ásamt Evil Madness. Þema ársins var að stilla saman einum myndlistarmanni og einum tónlistarmanni og sjá hvert samstarfið myndi leiða þá.



Skaftfell

Miðstöð myndlistar á Austurlandi / Center for Visual Art  
Austurvegur 42, 710 Seyðisfjörður skaftfell@skaftfell.is tel: +354 472 1632 www.skaftfell.is

-*Fræðakistillinn*. Fræðsluverkefni skólaársins 2008 – 2009. Farandverkefni unnið með Tækniminjasafni Austurlands þar sem fjallað er um samband tækni, vísinda og lista á einfaldan og örvandi hátt. Þegar þetta er ritað er vinna við kistilinn á lokastigi og hefst ferðalagið stax eftir páska. Fræðakistillinn stendur öllum grunnskólum Austurlands til boða.

-Listamenn í gestavinnustofu Skaftfells á árinu voru Abra Ancliffe, Sigríður Dóra Sverrisdóttir og Ólafur Torfason, Erna Ómarsdóttir, Guðni Gunnarsson, Lieven Dousiler, Camille Souter, Carl Boutard, Amanda Rizzo, Guðmundur Oddur Magnússon, Bjargey Ólafsdóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ingibjörg Magnadóttir, Tom og Marina Rees, Ulrika Janson, Þrándur Þórarinsson, Goddur og Sade Kahra. Að auki var gestavinnustofan notuð í tengslum við fræðsluverkefnið, námskeið Dieter Roth Akadémíunnar og Listaháskóla Íslands og L.UNG.A.

### **Pistill framkvæmdastjóra:**

Óvenju mörg og umfangsmikil verkefni voru unnin á árinu og var það afskaplega gefandi fyrir starfsemina. Það hefur þó þýtt að fjármunir voru mjög litlir á síðasta ársfjórðungi og erfitt að klára árið.

Starfsmaður var ráðinn á skrifstofu í upphafi árs, Ólafía María Gísladóttir og er hún ráðin í 30% stöðu. Í verkahring hennar er umsjón með reikningum og bókhaldi, umsjón með húseigninni og aðstoð við ýmis verkefni undir handleiðslu framkvæmdastjóra. Starf framkvæmdastjóra var aukið úr 70% í 100% stöðu um mitt ár. Æskilegt væri að auka starfshlutfall þannig að samanlagt væru þrjár fastar stöður við stofnunina og tillaga að skiptingu þeirra eftirfarandi: Framkvæmdastjóri 100%, upplýsingafulltrúi/sýningastjóri 50%, skrifstofustjóri 100%, umsjónamaður fræðsluverkefna 20%, Húsvörður 20% og síðast en ekki síðt listrænn stjórnandi 10%.

Húsnæðið að Austurvegi 42 er löngu búið að sprengja utan af sér starfsemina og hefur það, ásamt starfsmanna fæð, hamlað vext um nokkuð skeið. Stjórn Skaftfells hefur því tekið ákvörðun um að auka við húsnæðið og var leitað á náðir fjárlaganefndar til að fjármagna viðbyggingu eða kaup á viðbótar húsnæði. Sökum óvæntra aðstæðna í þjóðfélaginu fóru þær áætlanir út um þúfur í ár en Skaftfell hefur þó tryggt sér bráðabyrgða húsnæði í gömlu bókabúðinni við Austurveg. Sigurjón Sighvatsson hefur samþykkt að lána Skaftfelli húsnæðið geng því að Skaftfell standi straum af hita- og rafmagnskostnaði og fasteignagjöldum. Klas Poulsen, bólstrari mun leigja helming hússins undir verkstæði. Með þessu móti skapast aukið verkefna- og sýningarrými, vinnuástaða fyrir listamenn, aðstaða fyrir verkstæði Skaftfells og geymslur.

Síðustu ár hefur Skaftfell lagt aukna áherslu á fræðslustarfsemi stofnunarinnar. Árlega verður eitt stórt verkefni sett á laggirnar sérstaklega sniðið fyrir efri bekk grunnskólanna. Þar er áhersla lögð á að koma með faglegt innlegg í listgreinakennslu

skólanna á svæðinu. Útlit er fyrir að árlegt námskeið Listaháskóla Íslands og Dieter Roth akademíunnar muni þróast í samstarf fleiri listakademía og tenging myndast við erlenda skóla. Skaftfell hefur í auknu mæli verið að leggja áherslu á að bjóða skólahópum og öðrum í skipulagðar heimsóknir á sýningar, bjóða uppá fyrirlestra og aðrar uppkomur þar sem almenningi gefst færi á að kynnast nánar viðfangsefnum myndlistarinnar. Með auknu húsnæði munu skapast möguleikar á enn umfangsmeiri fræðslustarfsemi fyrir hópa og almenning, námskeiðshald, fyrirlestraraðir og annað.

Gestavinnustofa Skaftfells er fjarri því að anna eftirspurn og vonir standa til að á næstu árum verði hægt að bæta við aðstöðuna og taka á móti fleiri listamönnum. Einnig væri æskilegt að geta sett upp styrkjaþrógram fyrir valda listamenn sem kæmu þá í lengri dvalir og tækju jafnvel virkan þátt í fræðslustarfseminni. Aukin umsvif kalla á fjölgun starfa og tel ég að Skaftfell hafi alla möguleika á að verða að enn stærri vinnustað þar sem leiknir og lærðir í listinni eiga í gefandi og lærdómsríkum samskiptum, hafa afgerandi áhrif á umhverfi sitt og auka á lífsgæði Austfirðinga.

Samkvæmt þríhliða samningi Skaftfells, Menningarráðs Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur Skaftfell nú tryggt 8 milljónir á ári til rekstursins. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar með lágmarks starfsemi er á bilinu 14 – 15 milljónir á ári. Því þarf að fjármagna helminginn af starfseminni með öðrum styrkjum. Skaftfell situr við annað borð en hinar menningarmistöðvarnar að því leyti að það heyrir ekki undir rekstur sveitafélagsins og því þarf að greiða allan grunn rekstrarkostnað stofnunarinnar, s.s. rafmagn og hita, fasteignagjöld, viðhald á fasteigninni o.fl. af því styrkfé sem safnast. Þetta er gróflega áætlað um þriðjungur rekstrarkostnaðarins. Laun og rekstur á skrifstofu er annar þriðjungur en gera má ráð fyrir að um 70% þess sé vegna listrænnar starfsemi, 30% vegna rekstur fasteignarinnar og stjórnunarkostnaðar. Til að starfsemin geti haldið áfram að vaxa og dafna, skapa fleirri störf og víkka út starfsvettvanginn er algert grundvallar atriði að tryggja aukið fast fjármagn til rekstrarins svo ekki sé óvíst í lok hvers árs hvort starfsemin geti haldið áfram samkvæmt áætlun.

Í því árferði sem nú ríkir er óvíst með umfang starfseminnar á árinu 2009. Nú er ljóst að meira vantar upp á til að rekstraráætlun standist en er fyrirsjáanlegt að náist inn í lausum styrkjum. Það er því útlit fyrir að Skaftfell neyðist til að draga saman í eina liðnum sem eftir er óskertur, en það er launakostnaður. Rökin að baki aukningu starfshlutfalls framkvæmdastjóra þrátt fyrir sömu krónutölur í föstum styrkjum voru þau að með auknu starfshlutfalli gæfist aukið rými til frekari öflunar rekstrarstyrkja, nú hafa allar aðstæður breyst til hins verra og litlar líkur á að það takist. Það er mjög miður að nú þurfi að skera niður starfshlutfall framkvæmdastjóra þegar svo stutt er síðan því takmarki var náð að gera þá stöðu að fullu launuðu stafi. Menningin er aldrei mikilvægari samfélaginu en einmitt þegar á móti blæs og hvað mikilvægast verður að halda sjálfsvirðingunni. Við horfum þó bjartsýn til framtíðar og munum leita allra leiða til að ná að fjármagna að fullu þá dagskrá er nú liggur fyrir á árinu 2009.

### Leikur að tölum:

**585** listamenn hafa sýnt í Skaftfelli á árunum 1995 – 2008. Það gerir

**45** listamenn á ári að meðaltali.

**300** nemendur nýttu sér verkefnið Íslensk myndlist – 100 ár í hnotskurn.

**1505** gestir skráðu sig í gestabók Skaftfells á árinu 2007, einungis brot gesta skráir sig í gestabók, einhverjir hafa sagt 20% og gerir það um

**7500** gesti á ári.

Í október höfðu **1920** gestir skráð sig í gestabók Skaftfells 2008.

### Verkefni ársins 2009:

-Listaháskóli Íslands, Dieter Roth akademían, Tækniminjasafn Austurlands og Skaftfell. Útskriftanemendur úr Listaháskóla Íslands ásamt erlendum gestanemendum koma í vinnubúðir á Seyðisfjörð sem enda með sýningu í Skaftfelli.

-Páskasýning. Ben Kinsley og Jessica Langley sýna.

-Kristján Steingrímur Jónsson sýnir.

-Fræðsluverkefni skólaársins 2009 – 2010. Sýning í Skaftfelli og nemendaheimsóknir, þema enn óákveðið.

-Aðventusýning á verkum Garðars Eymundssonar.

-Rithöfundalestin. Upplstur á aðventunni í samvinnu við Gunnarsstofnun og Vopnafjörð.

-Vesturveggurinn/Bókabúð 2009. Vettvangur ungra og framsækinna listamanna, 15 – 20 verkefni áætluð á árinu.

- Fyrirlestraröð með ýmsum listamönnum.

-Um 30 listamenn munu dveljast í gestavinnustofu Skaftfells.

Mars 2009



Þórunn Eymundardóttir  
framkvæmdastjóri